

Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita bs.  
Gunnar A. Ólason  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 12. ágúst 2020  
UST202007-101/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og nýtt deiliskipulag – Skálabrekka-Eystri**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 9. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og nýju deiliskipulagi fyrir Skálabrekku – Eystri.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að svæði, sem ætlað er undir frístundabyggð á jörðinni Skálabrekku – Eystri, verði breytt þannig að í stað þess að vera þrískipt verði eitt samfellt svæði sem liggi upp frá vatninu í átt að þjóðvegi. Stærð frístundasvæðis á jörðinni verður óbreytt, um 41 ha.

### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að fjallað verður í tillögunni um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. sem fjallað er um í 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan skipulagssvæðisins nefnist Þingvallahraun og fellur það undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Auk þess fellur Þingvallavatn undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið og vatnið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauninu og vatni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera

grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### Pingvallavatn

Í greinargerð kemur fram að ofangreint svæði er innan verndarsvæðis og fellur svæðið undir lögum um verndun Þingvallavatns nr. 85/2005.

Umhverfisstofnun bendir á að í 3. grein ofangreindra laga segir: „*Innan verndarsvæðisins er óheimilt að gera nokkuð það sem getur spilt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn.*“

Umhverfisstofnun bendir á að í 15. gr. reglugerðar nr. 650/2006 um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns segir að við hreinsun skólps frá íbúðarhúsum, frístundahúsum og húsnæði tengdum ferðaþjónustu skal beita ítarlegri hreinsun en tveggja þepa hreinsun, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Einnig kemur fram að sækja skal um leyfi heilbrigðisnefndar Suðurlands fyrir losun skólps og fara eftir leiðbeiningum um frágang fráveitukerfa og fráveitutækni sem beita má á svæðinu sbr. 20. gr. reglugerðar um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns nr. 650/2006.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fylgst sé vel með fráveitu á ofangreindu svæði.

### Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að fram komi áhrif tillögunnar á ásýnd svæðisins og hvort tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminja.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur